



Hreinsunardagur

Árlegur hreinsunardagur sveitarfélagsins verður laugardaginn 21. maí og verður hann með hefðbundnu sniði.

Mæting er kl. 10:00 við skrifstofuna þar sem skipt verður í lið. Að hreinsun lokinni verða grillaðar pylsur fyrir framan skrifstofuna.

Flokkstjóri vinnuskóla 2016

Svalbarðsstrandarhreppur auglýsir eftir flokksstjóra við vinnuskóla sveitarfélagsins í sumar. Um er að ræða fullt starf frá 1. júní - 31. ágúst. Laun eru skv. samningum Launanefndar sveitarfélaga og Einingar-Iðju.

Flokkstjóri skipuleggur og stjórnar daglegri starfsemi vinnuskólans í samráði við sveitarstjóra. Hann hefur eftirlit með tækjum og áhöldum og ber ábyrgð á að eðlilegt viðhald fari fram. Umsækjandi þarf að vera fæddur árið 1995 eða fyrr og vera með bílpróf. Reynsla af starfi með ungmennum er æskileg.

Umsóknarfrestur er til 30. maí n.k. Umsóknum skal skilað til skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps í Ráðhúsinu eða í tölvupósti á netfangið postur@svallbardsstrond.is. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu hreppsins eða í síma 464-5500.

Sveitarstjóri

Næstu rusladagar

- 19. maí - Almennt sorp
 - 2. júní - Almennt sorp
 - 9. júní - Endurvinnsla
 - 16. júní - Almennt sorp
-

Ströndungur kemur næst út fimmtudaginn 16. júní.

Aðalfundarboð

Aðalfundur Ungmennafélags Æskunnar verður haldinn í Valsárskóla þriðjudaginn 31. maí kl. 20:15. Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin

Íbúðir til sölu

Eins og flestir vita þá er sveitarfélagið að láta byggja 4 íbúðir í Laugartúni.

Þessar íbúðir verða bráðum auglýstar til sölu og því er áhugasömum bent á að hafa samband við skrifstofuna. Hægt er að skoða íbúðirnar á heimasíðu sveitarfélagsins á slóðinni

<http://www.svalbardsstrond.is/is/skipulag/grenndarkynning/grenndarkynning-bygging-fjorbylishuss-vid-laugartun-5-7>

Gert er ráð fyrir að mögulegt söluverð stærri íbúðanna (85 fm.) verði 28.200.000 kr. og þeirra minni (64 fm.) 19.600.000 kr.

Áætlaður afhendingartími er um næstu áramót.

Frá Álfaborg/Valsárskóla

Nú fer starfi í Valsárskóla að ljúka og þriðjudaginn 7. júní klukkan 16:00 verður skólanum slitið. Álfaborg heldur áfram eins og venjulega en sumarfrí í leikskólanum hefst 11. júlí. Nemendur 9.-10. bekkjar halda af stað til Danmerkur í skólaferðalag laugardaginn 21. maí og vordagar í skólanum hefjast þriðjudaginn 24. maí. Á vordögunum vinna nemendur Álfaborgar og Valsárskóla að fjölbreyttum útiverkefnum.

Mánudaginn 6. júní er árleg vorhátíð foreldrafélags Valsárskóla og síðar um kvöldið er haldin hátíðarkvöldverður fyrir nemendur 10. bekkjar og foreldra þeirra. Skólaslitin verða svo eins og fyrr segir þriðjudaginn 7. júní.

Í vetur höfum við brallað ýmislegt í skólunum. Í fyrra settum við á stofn svokallað skólaþing þar sem nemendur og starfsfólk ræður ráðum sínum um skipulag skólans. Á þessu skólaári voru þessi mál og mörg fleiri tekin fyrir á skólaþingi í Álfaborg/Valsárskóla.



- Fá nýtt nafn á yngsta hópinn í leikskólanum og kalla hann Maríuerlur - Samþykkt
- Færa litlu jólin fram til klukkan 12:00 - Fellt
- Að skólinn taki að sér ABC barn til að hjálpa - Samþykkt
- Að fá Þorgrím Þráinsson til að halda fyrirlestur í skólanum - Samþykkt
- Banna nemendum að vera með síma í skólanum - Fellt
- Hætta að vera með leiðtogaþjálfun - Fellt
- Hafa myndmenntatíma allt árið - Samþykkt
- Að 5.-7. bekkur fari í leikskólann einu sinni í viku að lesa fyrir krakkana þar - Samþykkt
- Færa skíðadaginn fram fyrir páska - Samþykkt
- Hafa hænur í skólanum sem krakkarnir sjá um - Fellt
- Leyfa öllum nemendum að vera með húfur í matsalnum - Fellt
- Hætta með heimanámstíma - Fellt
- Sleppa útiþróttum - Fellt
- Leyfa þeim sem á afmæli að ráða hvað er í matinn - Samþykkt
- Sleppa því að hafa þemaverkefni í 8.-10. bekk og hafa bara venjulega náttúrufræði og samfélagsfræði - Samþykkt
- Hafa skólaþingið styttra - Fellt
- Fá nýtt nafn á sameiginlegan leik- og grunnskóla - Samþykkt
- Kennarar skrá fjarvist þegar 15 mínútur eru liðnar af tímanum og nemandi er ekki kominn - Samþykkt
- Fá að vera lengur í Textíl á næsta ári - Samþykkt

Ég vil í lok skólaárs þakka öllum íbúum sveitarfélagsins fyrir samstarfið í vetur. Ég vil þakka fyrir margháttaða uppbyggilega gagnrýni sem einstaklingar hafa komið með til okkar og hjálpað okkur þannig að gera skólann okkar betri.

Í vor kveðjum við matráðinn okkar hann Finn Bjarnason sem starfað hefur síðustu áratugi við skólann. Við þökkum honum fyrir allt sitt óeigingjarna starf fyrir skólann okkar og óskum honum velfarnaðar í framtíðinni.

Með vinsemd og sumarkveðju

Inga Sigrún Atladóttir skólastjóri Valsárskóla

Skógræktarfélag Svalbarðsstrandar

Aðalfundur félagsins verður haldinn fimmtudaginn 26. maí 2016. kl. 20:00 í safnaðarheimili Svalbarðsskirkju. Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf.

Á fundinum verður tekið á móti greiðslu árgjaldsins, kr. 1.000. Félagsmenn eru hvattir til að mæta og nýjir félagar eru boðnir velkomnir.

Stjórnin

Kveikjukvöld í Svalbarðskirkju

Séra og Sáli

Sunnudagskvöldið 29. maí kl. 20.00 verður boðið upp á samfélagsefandi kvöldstund í Svalbarðskirkju þangað sem allir eru sannarlega velkomnir, ströndungar og annað fólk. Sr. Bolli les valdar kveikjur úr samnefndri bók sinni er bjóða upp á þankahríð og spjall. Tónlistarmaðurinn og sálfræðingurinn Hjalti Jónsson leikur á gítar og syngur lög sem eiga við orð og stund og léttu lund. Parna býðst sem sagt upplagt tækifæri til að velta fyrir sér tilvistarspurningum lífs og líðandi stundar.

Aðgangur ókeypis!

„Leiðir til kirkjunnar liggja,

kvikna þar hugmyndadrög.

Að mörgu má söfnuður hyggja

og Hjalti með grípandi lög." (BP)

Fjáröflun unglingsdeildar Valsárskóla

Klósettpappír: 48 WC-rúllur kosta 7.000 kr., 24 WC-rúllur kosta 3.500 kr. Til að panta pappír má hafa samband við Jónu Valdísi í síma 848-7214 eða í tölvu-pósti á netfangið jonav@internet.is.

Bókasafn

Bókasafn Lestrarfélag Svalbarðsstrandar er í Ráðhúsinu á Svalbarðseyri. Það er opið á mánudögum kl. 17:00-19:00, en þess utan er hægt að komast á bókasafnið þegar skrifstofa sveitarfélagsins er opin.